



LSBÍ

Fjárfestingar- stefna

2024

Efnisyfirlit

Fjárfestingarumhverfi	4
Forsendur fjárfestingarstefnu	6
Tryggingafræðileg athugun	8
Mat á áhættu fjárfestingarstefnu	11
Fjárfestingarstefna	13
Önnur atriði	15
Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra	19
Fylgiskjal	21
Stefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands um ábyrgar fjárfestingar.....	24

Fjárfestingarumhverfi

Efnahagshorfur

Viðspyrna íslenska hagkerfisins eftir efnahagsleg áföll síðustu ára hefur verið öflug en vegferðinni er ekki alveg lokið þó hún sé langt komin. Dreigið hefur úr vexti efnahagssumsvifa undanfarið og verðbólga er komin í lækkunarfasa þó hún sé enn í háum gildum. Jafnframt ríkir mikil spenna á vinnumarkaði og óvissa um kjarasamninga fram undan er yfirvofandi.

Endurkoma ferðapjónustunnar, sem er stærsta útflutningsstoð okkar Íslendinga, spilar lykilhlutverk fyrir íslenskt efnahagslíf en spár greiningaraðila gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna sem sækja landið heim muni ná nýjum hágildum árið 2025. Atvinnuleysi er í sögulega lágum gildum en skortur á vinnumarkaði hefur verið viðvarandi um nokkurt skeið. Af þeim sökum hefur töluverð fólksfjölgun átt sér stað og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram næstu árin. Einkaneysla hefur verið mjög sterk allt frá upphafi heimsfaraldursins en nú eru komnar fram vísbendingar um að farið sé að hægja á vextinum. Fjölgun á vinnumarkaði styður aftur á móti við einkaneyslu. Það eru því margir kraftar sem vinna í ólíkar áttir um þessar mundir. Þrátt fyrir það eru hagvaxtarhorfur til næstu ára heldur góðar og sér í lagi í samanburði við helstu viðskiptalönd Íslands.

Barátta við ofris verðlags er ein helsta áskorun sem seðlabankar um allan heim standa frammi fyrir og Seðlabanki Íslands (SÍ) er ekki undanskilinn. Verðbólga hefur verið yfir vikmörkum í nokkurn tíma og reynst töluvert þrálátari en væntingar voru um. Hækkandi íbúðaverð hefur verið drifkraftur verðbólgu síðustu misseri en undanfarna mánuði hefur framlag húsnæðisliðar í vísitölu neysluverðs gefið eftir. Á móti vega erlendar verðhækkanir en einna helst innlendar verðhækkanir og óvissa um launaþróun sökum kjarasamningsviðræðna sem hefjast á næstu mánuðum.

Peningastefnunefnd SÍ hefur staðið í ströngu við að ná niður verðbólgu en nefndin hækkaði stýrivexti 14. skipti í röð frá maí 2021 – október 2023. Það virðist þó sem svo að aðgerðir Seðlabankans til þess að stemma stigu við hækkandi verðlagi séu farnar að skila árangri. Ákvörðun nefndarinnar um að halda vöxtum óbreyttum við síðustu vaxtaákvörðun í október 2023 og brjóta þar með um 29 mánaða samfellt hækkunarferli er gott merki um slíkt. Afar líklegt er að vaxtahækkunarferli fari senn að líða undir lok en þó eru væntingar um að vextir verði áfram heldur háir næstu árin. Helsti óvissuþáttur á þessum tímamarki er hve langan tíma tekur að ná verðbólgu niður í markmið Seðlabankans.

Hlutabréfamarkaður

Það sem af er ári hefur skilið nokkuð á milli ávöxtunar innlendra og erlendra hlutabréfamarkaða. Þannig hefur Úrvalsísitöla Kauphallar Íslands lækkað um 15,3% á fyrstu tíu mánuðum ársins en til samanburðar hefur heimsvísitala hlutabréfa hækkað um 4,3% á sama tímabili um reiknað í íslenskar krónur. Íslenski markaðurinn fylgdi þeim erlenda framan af ári en á vormánuðum skildi þar á milli. Orsakaðist það af neikvæðum fréttum af stærstu félögunum á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Þrátt fyrir að íslenski

hlutabréfamarkaðurinn hafi stigið lokaskrefið inn í erlendar jaðarmarkaðsvísitölur (e. Frontier) þá hefur áhugi erlendra fjárfesta ekki vaxið eins og vonir stóðu til.

Vaxtahækkunar Seðlabanka um heim allan vega þungt í eftirspurn og hafa áhrif á eignaverð á mörkuðum. Fjárfestingarumhverfið breytist með hækkandi vaxtastigi sem verður alla jafnan til þess að eftirspurn eftir áhættusamari fjárfestingarkostum minnkar. Þetta hefur haft áhrif á flæðið í eignaflokknum á Íslandi annars vegar hafa fjárfestar verið á hliðarlínunni í þessu háa vaxtastigi og hins vegar hafa erlendir fjárfestar verið að minnka stöður sínar í skráðum hlutabréfum.

Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum hefur verið drifin áfram af fáum stórum tækni-félögum (e. The Magnificent Seven Apple, Alphabet, Tesla, Nvidia, Microsoft, Meta og Amazon). Í kjölfar væntinga um vöxt samhliða þróunar og aukinnar notkunar á gervigreind. Það getur verið áhyggjuefni um skýran viðsnúning ef hækkun vísitölu er drifin áfram af fáum félögum frekar en almennum jákvæðum skilyrðum á markaði.

Óvissa vegna stríðsátaka hefur reynst viðvarandi og getur valdið hækkunarþrýsting á orkuverð sem aftur eykur óvissu um verðbólgu og vaxtastig horft fram á við.

Skuldabréfamarkaður

Seðlabanki Íslands hefur staðið í vaxtahækkunarferli frá vormánuðum 2021 en nú virðist loks sjá fyrir endann á hækkunarferlinu. Vextir standa nú í 9,25% eftir að hafa hækkað um 3,25 prósentustig á fyrstu tíu mánuðum ársins 2023. Hækkun stýrivaxta leiðir til hækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamörkuðum en hækkunin hefur náð til allra tímalengda, þó heldur meiri á styttri endanum, bæði óverðtryggðra og verðtryggðra bréfa. Styttri endi óverðtryggðra ríkisbréfa hefur sem dæmi hækkað um 300 punkta (RIKB 24 0415 úr 6,88% í 9,88%) á meðan lengsti endinn hefur hækkað um 90 punkta (RIKB 42 0217 úr 6,11% í 7,01%). Styttri endi verðtryggðra ríkisbréfa hefur hækkað um 147 punkta (RIKS 26 0216 úr 1,88% í 3,35%) á meðan lengsti endinn hefur hækkað um 85 punkta (RIKS 37 0115 úr 1,86% í 2,67%). Fyrstu tíu mánuði ársins hafa því báðir vaxtaferlar ríkisskuldabréfa hliðrast upp en brattinn orðið töluvert meiri með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á ávöxtun þeirra. Vaxtaferlar ríkisskuldabréfa á markaði eru því niðurrhallandi og endur-spegla væntingar um að vaxtahækkunarferli Sí sé lokið eða nær lokið og að bæði nafn- og raunvextir byrji að lækka árið 2024.

Sé horft til óverðtryggða- og verðtryggða vaxtaferla má sjá að verðbólguvæntingar til meðallangs tíma (2026) eru í kringum 5,36%, til lengri tíma (2030) í kringum 4,4% og til langs tíma (2037) í kringum 4,1%.

Raunvextir eru í þessum tímalengdum 3,4% - 2,7%. Það sem þetta þýðir er að fjárfestar geta í dag keypt ríkistryggð bréf með raunvöxtum, sem líklega eru 0,7%-1,4% hærri en jafnvægi raunvaxta stýrivaxta, sem hlýtur að teljast áhugaverður kostur.

Verðbólguþáttur Seðlabankans er 2,5% en verðbólguálag á markaði er nú 5,6% - 4,1% eftir tímalengd (stutt-langt). Nái Seðlabankinn hraðar tókum á verðbólgu en markaðurinn gerir ráð fyrir og jafnvel niður í markmið á næstu árum, geta fjárfestar náð enn hærri raunávöxtun með því að kaupa óverðtryggð ríkisskuldabréf í staðinn fyrir verðtryggð. Slíkt er að sjálfsögðu óvissu háð enda er raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa háð framvindu verðbólgu en óhætt er að segja að vaxtahækkunar ársins 2023 hafa gert skuldabréfamarkaðinn allan að mun áhugaverðari fjárfestingarkosti en áður.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins í samræmi við eftirtaldir reglur og innan þeirra marka sem löggin setja.

1. Lífeyrissjóður skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. Lífeyrissjóður skal horfa til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem hafa áhrif á skuldbindingar.
3. Allar fjárfestingar skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum um öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
4. Lífeyrissjóður skal gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
5. Lífeyrissjóður skal setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum.

Fjárfestingarstefnan er sett til þriggja ára en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Lífeyrissjóðir skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eignir lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., LSBÍ, skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Sjóðfélagi sem lætur af starfi og er orðinn 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Laun fyrri ára eru, við útreikning meðaltalsins, umreiknuð til samræmis við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar og eru áunnin réttindi hækkuð samhliða um 14%. Einnig er mögulegt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast greiðslur samkvæmt samþykktum sjóðsins. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur, þegar 60 ára aldri er náð, hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda. Gert er ráð fyrir því að allir sjóðfélagar sem eiga þess kost muni nýta sér þessa 95 ára reglu.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desember 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Í júlí 2013 var viðmiðum geymdra réttinda og lífeyris einnig breytt í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samhliða hækkun áunninna réttinda um 14%.

Samantekt þessi um ákvæði samþykkt sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til tóku lífeyris, réttinda-ákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Verði líftryggingum hf.

Siðferðileg viðmið og hluthafastefna

LSBÍ leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem er að finna í viðauka með fjárfestingarstefnu þessari. Stefnan markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig hefur sjóðurinn sett sér hluthafastefnu sem markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í, stefnan er aðgengileg á vef sjóðsins.

Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. í árslok 2022 var í samræmi við 8. gr. samþykktu sjóðsins. Athugunin var gerð í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 129/1997, ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2002.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 eru skuldbindingar lífeyrissjóða aðeins reiknaðar miðað við þá sem aðild eiga að lífeyrissjóðnum þegar athugun fer fram. Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir.

Tryggingafræðileg athugun sýnir að í árslok 2022 var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 44 milljónir eða -0,2% af heildarskuldbindingu. Staðan í árslok 2021 var jákvæð um 14,0% af skuldbindingunni. Áfallin staða var neikvæð um 0,6 milljón í árslok 2022 eða 0,0% af áfallinni skuldbindingu en hún var jákvæð um 14,2% í árslok 2021. Framtíðarstaðan var neikvæð um 43 milljónir í árslok 2022 eða -69,3% af framtíðar-skuldbindingu.

Við tryggingafræðilega athugun ársins 2022 er notuð spá um breytingar á lífslíkum frá árinu 2020 og lífslíkur sjóðfélaga byggðar á reynslu árána 2014-2018. Einnig er gert ráð fyrir frekari lækkun dánartíðni í samræmi við áætlun sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga vann árið 2019-2020. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barn-eignalíkum. Varðandi örorku eru notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 40% lækkun á örorkutíðni.

Um ávöxtun er miðað við 3,5% vaxtaforsendu umfram hækkun verðlags, en einnig áætlað fyrir 1,5% launahækkun starfandi. Við lok starfs mun réttindagrunni verða breytt yfir í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samhliða 14% hækkun áunninna réttinda og eru þær breytingar um það bil jafngildar. Gert er ráð fyrir lífeyrisskuldbindingum til handa öllum er greitt hafa iðgjöld til sjóðsins.


Þar sem sjóðfélögum er nú heimilt að hefja töku eftirlauna án þess að látið sé af starfi verður að teljast líklegt að allir sjóðfélagar hefji töku eftirlauna eins snemma og þeim er unnt, enda hækkar lífeyrisréttur ekki við frestun á töku, nema að því marki sem meiri réttinda er aflað með iðgjaldagreiðslum. Er því í tryggingafræðilegri athugun miðað við lok árs 2022 gert ráð fyrir að allir hefji töku eftirlauna eins snemma og þeir hafa heimild til án skerðingar.

Staða sjóðsins er utan þeirra marka sem almennt eru áskilin í lögum nr. 129/1997 og stjórn sjóðsins er skylt að grípa til aðgerða. Tryggingafræðileg staða setur ekki frekari skorður við mótun fjárfestingarstefnu umfram ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997.


Áætlað framtíðargreiðslufláði

Mynd 1 sýnir áætlað framtíðargreiðslufláði út frá heildarstöðu miðað við sjóðfélaga í lok árs 2022¹ og mynd 2 sýnir áætlað nettó fjárfláði útgreiðslna og iðgjalda. Myndirnar sýna um leið niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar í myndrænu formi þar sem útreikningar miðast við sömu forsendur og við tryggingafræðilega athugun sjóðsins.

Áætlaðar útgreiðslur eru hærri en áætluð iðgjöld og vextir (samkvæmt forsendum tryggingafræðilegrar athugunar) og er því sjóðurinn, miðað við þessar forsendur, byrjaður að ganga á eignir sínar.



Mynd 1. Áætlað framtíðargreiðslufláði, heildarstaða í m.kr. Tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2022




Mynd 2. Áætlað nettó framtíðargreiðslufláði, heildarstaða í m.kr. Tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2022

¹ Upplýsingar eru fengnar frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins, myndin undanskilur greiðslufláði skuldabindinga vegna 95 ára reglu og sérstakra réttindakaupa. Kostnaðurinn helst óbreyttur allt tímabilið. Ekki er tekið tillit til vaxta.

Lífeyrisbyrði

Mynd 3 sýnir áætlaða þróun lífeyrisbyrðar². Eins og sjá má er áætluð lífeyrisbyrði ársins 2022 um 23839%. Lífeyrisbyrði er mjög há og áætlað er að hún hækki enn frekar vegna þess að sjóðurinn er lokaður nýjum sjóðfélögum. Gert er ráð fyrir því að iðgjöld lækki áfram og lífeyrisgreiðslur hækki.



Mynd 3. Áætluð þróun lífeyrisbyrðar. Tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2022

Aldurssamsetning sjóðsins

Í árslok 2022 voru óvirkir sjóðfélagar 439 talsins og virkir sjóðfélagar voru 7 talsins. Alls fengu 395 sjóðfélagar greiddan lífeyri á tímabilinu, þar af voru 359 sem fengu greiddan ellilífeyri, 7 örorkulífeyri og 30 makalífeyri.

Núverandi eignasamsetning

Eignasamsetning sjóðsins er að miklu leyti samsvarandi markmiði um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997. Nánari útlitun á eignasamsetningu er að finna í fylgiskjali með fjárfestingarstefnu þessari.

² Hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda.

Mat á áhættu fjárfestingarstefnu

Viðhorf stjórnar til áhættu

Stjórn sjóðsins gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits.

Stjórn vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins að því leyti að líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarks tryggingaverndar séu lágmarkaðar. Tryggingafræðileg staða er því ráðandi þáttur hvað varðar áhættuþol sjóðsins. Sjóðurinn er lokaður og meðalaldur lífeyrisþega tiltölulega hár og sjóðsfélagar fáir. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati árið 2022 er veginn meðallíftími skuldbindinga sjóðsins um 10 ár og fyrir séð að sjóðurinn komi til með að minnka um helming á næstu 10-15 árum.

Viðhorf til áhættu gerir það að verkum að fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera aðhaldssöm og fela í sér litlar líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarkstryggingaverndar í framtíðinni. Einnig þurfa eignir sjóðsins að vera auðseljanlegar og því leggur stjórnin áherslu á að fjárfesta í eignum með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti á markaði og sjóðum með innlausnaskyldu. Þó svo að sjóðurinn sé lokaður og komi til með að minnka á komandi árum er fjárflæði úr honum tiltölulega fyrirsjáanlegt, þar sem eingöngu er greitt út skv. samþykktum.

Stjórn sjóðsins hefur sett áhættustefnu þar sem kemur fram vilji stjórnar til áhættutöku lífeyrissjóðsins og áhættustýringarstefnu þar sem kemur fram hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri.

Markmið og viðmið um áhættu og ávöxtun

Fjárfestingarstefnunni er ætlað að tryggja að eignir sjóðsins séu nægjanlega fjölbreyttar þannig að dregið sér úr líkunum á því að áhætta safnist upp við að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda, fyrirtækjasamsteypu, atvinnugrein eða eignaflokk. Sjá nánar í kaflanum Önnur atriði. Jafnframt er horft til áhættu af hverri og einni eign og áhrif hennar á heildaráhættu safnsins, auk samspils áhættu einstakra eigna og eignaflokka við fjárfestingarákvarðanir.

Langtímamarkmið stjórnar lífeyrissjóðsins er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfráviki) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Miðað er við að vænt raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa sé 2,9% og flökt ávöxtunar sé 7,9%. Mat á væntri raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa tekur mið af ávöxtunarkröfu á verðtryggðu skuldabréfi útgefna af Ríkissjóði Íslands með lokagjalddaga árið 2033 (RIKS33). Flöktið er mælt sem sögulegt flökt frá byrjun júní 2012 til loka október 2023 á sama bréfi.

Vænt raunávöxtun annarra innlendra skuldabréfa er metin 1,1 prósentustigum hærri en á ríkisskuldabréfum og flöktið 25% hærri, eða vænt raunávöxtun 4,0% og flökt 9,9%.

Gert er ráð fyrir því að raunávöxtun erlendra skuldabréfa sé 2,9% og flökt í ávöxtun 8,7% og að vænt raunávöxtun erlendra hlutabréfa sé 6,7% og flökt í ávöxtun sé 19,8%. Við mat á væntri raunávöxtun og flökti í ávöxtun erlendra skulda- og hlutabréfa er miðað við mat Dimson, Marsh og Staunton (2022).

Við mat á væntri raunávöxtun og áhættu innlendra hlutabréfa er miðað við að þau skili hálfu prósentustigi hærrí ávöxtun en erlend hlutabréf vegna þess að raunvextir eru hærrí á Íslandi en víðast hvar. Miðað er við að vænt flökt innlendra hlutabréfa sé helmingi hærrí en erlendis vegna þess hve fá félög eru á íslenska markaðnum.

Vænt raunávöxtun sérhæfðra innlendra fjárfestinga og óskráðra innlendra hlutabréfa er hálfu prósentustigi hærrí en á innlendum hlutabréfum og flöktið er metið tvöfalt hærrí en á erlendum hlutabréfum vegna áhættuálags sem fylgir því að fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingum og óskráðum hlutabréfum sem eru oft með takmarkaðan seljanleika.

Vænt raunávöxtun sérhæfðra erlendra fjárfestinga er metin þremur og hálfu prósentustigum hærrí en á erlendum skulda- og hlutabréfum. Miðað er við að þriðjungur erlendra sérhæfðra fjárfestinga séu í skuldabréfatengdum fjárfestingum og tveir þriðju í hlutabréfatengdum fjárfestingum. Flöktið er metið tæplega tvöfalt hærrí en sömu eignaflokkar eftir sömu skiptingu.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir vænta raunávöxtun og flökt eignaflokkanna sem mynda forsendur fyrir væntri raunávöxtun eignasafns. Vænt raunávöxtun eignasafns miðað við framangreindar forsendur og fjárfestingarstefnu 2024 er 4,1% og flöktið 13,0%.

Eignaflokkur	Vænt raunávöxtun	Flökt	Stefna 2024
Innlend ríkisskuldabréf	2,9%	7,9%	48%
Önnur innlend skuldabréf	4,0%	9,9%	29%
Erlend skuldabréf	2,9%	8,7%	3%
Erlend hlutabréf	6,7%	19,8%	4%
Skráð innlend hlutabréf	7,2%	29,7%	9%
Sérhæfðar fjárfestingar og óskráð innlend hlutabréf	7,7%	39,6%	5%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	8,4%	32,2%	2%
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	4,1%	13,0%	100%

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri ávöxtun.

Í mati á væntri ávöxtun er stjórn meðvituð um að áhætta getur fylgt jarðhræringum á Reykjanesi til framtíðar. Um 6,8% af eignum sjóðsins eru Bláa Lónið, HS veitur og HS Orka.

Fjárfestingarstefna

Stefna um eignasamsetningu

Verðbréfaeignir LSBÍ eru í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 3 og 4.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Nánari sundurliðun fjárfestingarstefnunnar er að finna í fylgiskjali með fjárfestingar-stefnu þessari.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	48%	35-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0-10%
	b. Innlán	1%	0-25%
	c. Sértryggð skuldabréf	2%	0-20%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vatr. félaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	1%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	5%	0-40%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánast. og vatr. félaga	18%	0-30%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	4%	0-10%
E	a. Hlutabréf félaga	3%	0-25%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	13%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 2. Fjárfestingarstefna.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	77%	35-100%
Innlend hlutabréf	9%	0-20%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	3%	0-20%
Erlend hlutabréf	4%	0-15%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	2%	0-5%

Tafla 3. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3%	0-6%
Erlendar eignir	9%	0-40%

Tafla 4. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarákvarðanir

Ákvarðanir um fjárfestingar skulu rúmast innan þeirra magnbundnu marka sem stjórn sjóðsins hefur sett í fjárfestingarstefnu. Jafnframt skulu fjárfestingarákvarðanir byggja á skynsemisreglunni (e. prudent person principle).

Við fjárfestingarákvarðanir byggir eignastýringaraðili á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga að teknu tilliti til áhættu. Sú greining er mismunandi eftir eðli og umfangi fjárfestinga. Sú greining getur falið í sér almennt mat á efnahagsumhverfi, útgefanda, verðlagningu og framtíðarhorfum. Þar að auki getur eignastýring eftir atvikum talið viðeigandi að horfa til neðan greindra viðmiða við fjárfestingarákvarðanir í eftirfarandi eignaflokkum:

- Í tilviki skuldabréfa getur matið m.a. tekið til fjárhagslegs styrks útgefanda, veðs, vaxtarófs, líftíma, vaxtaálags, flæði og verðbólguhorfa.
- Í tilviki hlutabréfa getur matið m.a. falið í sér verðmat, sérstakra skoðana, fjárhagsstöðu, flæði og/eða áreiðanleikakannana.
- Í tilviki sjóðastýringafyrirtækja og sérhæfðra/óskráðra fjárfestinga getur matið m.a. falið í sér ítarlega áreiðanleikakönnun, heimsókn á starfsstöð stýringaaðila og/eða fundir með lykilmálki.

Teljist fyrirhuguð fjárfesting meiri háttar eða óvenjuleg þá starfar eignastýringaraðili eftir vinnuferli sem skiptist í fjögur stig eftir því hvort fjárfesting sé í skoðun, í vinnslu, til ákvörðunar eða lokið. Stjórn sjóðsins er upplýst um þróun fjárfestinga á mismunandi stigum. Til viðbótar við ofan talin viðmið nær mat eignastýringar á meiri háttar og óvenjulegum fjárfestingum að lágmarki til: kostnaðar- og tekjupátta, hagsmunaaðila og mögulegra hagsmunaaðrekstra, orðsporsáhættu, stjórnarháttu, orðspors, ferils, fjárhagslegs styrks og hæfni þeirra er standa að verkefninu. Meiri háttar og óvenjuleg viðskipti eru jafnframt háð samþykki stjórnar.

Ítarleg viðeigandi greiningarvinna fer fram byggt á ofangreindum þáttum við nýskoðun/vöktun fjárfestingar (kaup/sölu).

Eignir eru vaktaðar daglega af stýringaraðilum og eru eignastöður í sífelldu endurmati með tilliti til breytinga á mati eignastýringaraðila. Eignir með virkt markaðsverð eru í daglegri rauntímavöktun eignastýringaraðila í gegnum ýmis upplýsingakerfi (t.d. Bloomberg og Kodiak Pro). Eignir sem eru ekki með virkt markaðsverð, svo sem sérhæfðir sjóðir, eru í reglulegri vöktun eignastýringaraðila sem byggir m.a. upplýsingagjöf útgefanda og/eða upplýsingafundum með útgefanda. Sjálfvirk eftirlitskerfi vakta áhættustöður og frávik í samræmi við stefnur. Í áhættustefnu eru áhættuþol og áhættuvilji skilgreind og í áhættustýringarstefnu er framkvæmd áhættustefnu skilgreind.

Önnur atriði

Markmið um lausafé og seljanleika

Um 25,0% af eignasafni sjóðsins er í eignum með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti á markaði og sjóðum með innlausnarskyldu, 58,7% er í öðrum skráðum eignum og um 16,3% í óskráðum eignum og sjóðum án innlausnarskyldu. Sjóðurinn er lokaður en tryggingafræðilegar forsendur gera ráð fyrir að árlegar útgreiðslur umfram iðgjöld fari hæst í um 8% af eignum. Markmið sjóðsins er að hlutfall eigna í seljanleikaflokki 1 (eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti á markaði og sjóðir með innlausnarskyldu) fari ekki undir 30% og hefur sjóðurinn verið vel yfir því markmiði allt þar til seljanleikaflokkun HFF – skuldabréfaflokkanna breyttist í október 2022. Þrátt fyrir lækkun á hlutfalli eigna í efsta seljanleikaflokki undir markmið telur sjóðurinn óverulega hættu á að ekki takist að mæta mögulegum útgreiðslum í framtíðinni en leitast verður við að koma hlutfallinu í markmið þegar línur skýrast með framtíð HFF – skuldabréfaflokkanna.

Leitast skal við að ávaxta lausafé á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til fjárþarfar hverju sinni. Markmið um lausafé er skilgreint sem 1%.

Viðmiðunarvísitala

Gert er ráð fyrir að viðmiðunarvísitala sjóðsins sé samsett úr þeim vísitölum sem koma fram í töflu 5, þar sem vægi hvorrar vísitölu miðast við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Viðmið tekur gildi 31.12.2023 og verður endurskoðað samhliða næstu endurskoðun á fjárfestingarstefnu. Í töflu 6 er að finna líftíma (e. duration) og verðtryggingarhlutfall viðmiðunarvísitölnnar, þ.e. fyrir innlend skuldabréf.

Viðmiðunarvísitala	Hlutfall
RIKB 26 1015	0,9%
RIKB 28 1115	2,0%
RIKB 31 0124	6,3%
RIKB 42 0217	2,3%
RIKS 30 0701	8,0%
RIKS 33 0321	41,9%
RIKS 37 0115	15,5%
EUR Interbank Offered Rate Index 3M	2,0%
USD Libor Market Index TR 3M	2,0%
Bloomberg Global Aggregate Index	1,1%
Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index)	4,0%
OMX Iceland 10 CAP (OMXI10CAP)	14,0%
Samtals:	100,0%

Tafla 5. Samsetning og hlutföll viðmiðunarvísitölu.

Líftími – innlend skuldabréf	8,5 ár
Verðtrygging – innlend skuldabréf	85%

Tafla 6. Líftími og verðtryggingarhlutfall viðmiðunarvísitölu (innlend skuldabréf).

Afleiður

Heimilt er að gera afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins eða sem fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi, í samræmi við lög. Þannig er sjóðnum m.a. heimilt að verja gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra eigna með framvirkum samningum á gjaldeyri. Einnig er sjóðnum heimilt að gera framvirka samninga á skuldabréf. Með afleiðusamningum er átt við framvirka samninga, framtíðarsamninga, vaxtaskiptasamninga, valréttarsamninga og skiptasamninga, þ.e. uppgjörsákvæði byggjast á breytingu einhvers þáttar, s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaaverðs eða verðbréfavísitölu.

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila

Heimilt er að binda allt að 10% heildareigna í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir eignaflokka B-F sbr. lög nr. 129/1997, 36.gr. a. Þar af er óheimilt að binda meira en 5% af heildareignum í fjármálagerningum útgefanda sem falla undir eignaflokk F. Þó er heimilt að binda allt að 10% heildareigna í sértrygðum skuldabréfum sama útgefanda samkvæmt eignaflokki B.c.

Samanlögð eign í fjármálagerningum og innlánnum sama viðskiptabanka eða sparisjóðs skal vera innan við 25% heildareigna. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja

Hámarkshlutdeild í hlutabréfum einstakra fyrirtækja miðast við 20% af hlutafé í hverju fyrirtæki.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild slíks sjóðs miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sjóði. Hámarks-hlutdeild í hlutum eða hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild þeirra miðast við 20% af hlutum og hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sjóði.

Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags

Hámarksfjárfesting í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags skal miðast við 30% af heildareignum.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum og hlutum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Verðbréfasafni fjárfestinga í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum skal skipta á flokka verðbréfa samanber töflur 2-4. Ekki eru aðrar takmarkanir á fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða en getið er hér að ofan.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er um 0,4% af heildareignum. Um fasteignaveðtryggð skuldabréf sjóðsins gildir að lán sjóðsins, ásamt öðrum áhvilandi lánnum, mega ekki fara fram úr 65% af markaðsvirði eignar og ekki hærra en 100% af brunabótamati hennar.

Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem sinna eingöngu þjónustuverkefnum fyrir

lífeyrissjóðinn

Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn er 0%.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Litið er svo á að allar eignir lífeyrissjóðsins séu í virkri stýringu fyrir utan sjóðfélagalán. Stefnt er að því að nota áfram virka stýringu á meginhluta eigna lífeyrissjóðsins.

Markmið um verðtryggingarhlutfall og meðallíftíma innlendra skuldabréfa
Markmið um meðallíftíma skuldabréfasafns er um 8,5 ár og verðtryggingahlutfall 85%.
Megináhersla er lögð á fjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum til langs tíma og skuldabréfum með trausta skuldara.

Meðallíftími áfallinna skuldbindinga var um síðustu áramót um 9,6 ár. Í ljósi líftíma skuldbindinga er ekki talin ástæða til að meðallíftími skuldabréfasafns fari yfir 12 ár en hvað neðri mörk varðar skal stefnt að því að meðallíftíminn fari ekki undir 7 ár.

Skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar og er því ekki talin ástæða til þess að setja efri mörk á verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins en stefnt skal að því að verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafnsins fari ekki undir 70%.

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns tekur aðallega mið af markmiðum um eign í erlendum verðbréfum. Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst fyrst og fremst í erlendiri verðbréfaeign sjóðsins. Skipting milli gjaldmiðla tekur mið af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Að lágmarki skal 50% eigna vera í íslenskum krónum, sbr. lög nr. 129/1997, 36. gr. d, 1 og 2. mgr., en jafnframt skal horft til þess að að lágmarki sé 75% erlendra eigna í Bandaríkjadal og evru. Lífeyrissjóður skal eiga eignir í sama gjaldmiðli og skuldbindingar sem jafngilda væntum lífeyrissgreiðslum sameignarhluta hans til næstu þriggja ára. Miðað við væntar lífeyrissgreiðslur samkvæmt tryggingafræðilegu mati er hlutfallið nú 24%.

Markmið um atvinnugreinaskiptingu

Markmið um atvinnugreinaskiptingu skuldabréfasafns eru tilgreind í töflum 2 og 4. Markmið um atvinnugreinaskiptingu innlends hlutabréfasafns er miðað við OMX Iceland 10 Cap. Markmið um atvinnugreinaskiptingu erlends hlutabréfasafns er miðað við samsetningu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World Index) á hverjum tíma.

Sjóðurinn mun áfram leitast við að nýta tækifæri sem skapast á innlendum hlutabréfa-markaði næstu misserin vegna skráningar nýrra fyrirtækja á markað sem getur kallað á rúm frávik frá ofangreindu markmiði vegna smæðar markaðarins og fárra skráðra hlutabréfa á markaði. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Fjárfesting í fasteignum

Ekki er stefnt að beinum kaupum á fasteignum. Þó er sjóðnum heimilt að ganga að fasteignum við lúkningu skuldamála.

Verðbréf útgefin af rekstraraðila

Verðbréf útgefin af rekstraraðila sjóðsins skulu uppfylla ströngustu kröfur um vexti, ávöxtunarkröfu, gengi og skilmála. Kjör hvers verðbréfs skulu vera sambærileg við önnur samskonar verðbréf á markaði.

Fjárfestingar í verðbréfum á markaðstorgi fjármálagerninga

Heimilt er að fjárfesta í verðbréfum skráðum á markaðstorgi fjármálagerninga eins og um skráð bréf sé að ræða. Flokkun bréfanna skal þó vera samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda.

Meiri háttar eða óvenjuleg viðskipti

Meiri háttar og óvenjuleg viðskipti eru þau viðskipti sem háð eru samþykki stjórnar og er gert grein fyrir slíkum tilvikum hér að neðan.

1. Innlendar og erlendar fjárfestingar

- a. Kaup á óskráðum hlutabréfum og kaup í sérhæfðum sjóðum (áður fagfjárfestasjóðum) sem ekki hafa innlausnarskyldu, þegar einstaka kaup eru yfir 1% að markaðsvirði safns á hverjum tíma.
- b. Ekki þarf samþykki stjórnar fyrir:
 - i. Óbeinum fjárfestingum (í gegnum sjóði).

- ii. Fjárfestingar í sjóðum undir 1% af heildareignum en stjórn skal í þessum tilvikum upplýst fyrir fram um ferli frá skoðun til ákvörðunar
 - iii. Ef kaup eru vegna lúkningu skuldamála.
 - iv. Ef um er að ræða viðskipti eða hlutafjárukningu í óskráðum bréfum (undanskilið sjóðir) undir 0,5% af markaðsvirði.
2. Í þeim tilvikum sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdir eru haghafar að fjárfestingunni og fjárfestingin fellur innan ramma meiri háttar og óvenjulegar viðskipta sbr. aðra liði greinar þessarar:
 - a. Eignastýringaraðili skal að jafnaði miða við að samanlagt hlutfall Arion banka, aðilum tengdum Arion banka og/eða aðilum í eignastýringu fyrrnefndra aðila sé undir 50% af fjárfestingunni. Með því er horft til þess að mat óháðra aðila vegi meirihluta og að tryggja trúverðugleika.
 - b. Ef eignastýringaraðili leggur til fjárfestingu þar sem fyrrnefnt hlutfall fer yfir 50% skal stjórn meta þann möguleika hvort og með hvaða hætti skuli óskað eftir utanaðkomandi mati.
 - c. Við frum-/forútboð hlutabréfa rekstraraðila og aðilum honum tengdum á skipulegan verðbréfamarkað skal liggja fyrir verðmat þriðja aðila.
3. Áhættustýring skal gera viðvart um öll meiriháttar eða óvenjuleg viðskipti áður en þau fara fram.
4. Stjórn skal samþykkja gerð afleiðusamningar aðra en þá sem fylgja hefðbundnum gjaldeyrisviðskiptum, áskriftarréttindum og eðlilegum greiðslufresti vegna verðbréfaviðskipta
5. Stjórn getur sett frekari reglur eða viðmið um fjárfestingar.

Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík, 28. nóvember 2023

Stjórn LSBÍ

Ársæll Hafsteinsson, formaður stjórnar

Brynja Þorbjörnsdóttir

Tryggvi Einar Geirsson

Framkvæmdastjóri LSBÍ

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

Viðaukar, sem fylgja skjali þessu og ber að skoða sem hluta þess:

- i. Fylgiskjal
- ii. Stefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal

Fylgiskjal
Fylgiskjal með fjárfestingarstefnu 2024
Eignasamsetning m.v. 30.09.2023

Skipting fjárfestinga eftir eignaflokkum 36. gr. laga nr. 129/1997

Markmið um samsetningu eigna

LSBÍ

Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*			I	II	Núverandi	Hámark skv.	III	IV	V	VI
			Stefna um	Vikmörk	eignasamsetning	samþykktum	Gengisbundin	Vikmörk	Óskráð	Vikmörk
			eignasamsetningu	**	***	***	verðbréf		verðbréf	
A	a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	48%	35-100%	44,0%	100%	2,0%	0-10%	-	-
	b.	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-5%	0,5%	100%	0,0%	0-5%	-	-
B	a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0-10%	4,0%	100%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
	b.	Innlán	1%	0-25%	1,2%	100%	0,0%	0-10%	-	-
	c.	Sértryggð skuldabréf	2%	0-20%	2,4%	100%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
C	a.	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	1%	0-10%	1,2%	80%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
	b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	5%	0-40%	7,9%	80%	5,0%	0-35%	-	-
D	a.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	18%	0-30%	15,2%	60%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
	b.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	4%	0-10%	4,3%	60%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
E	a.	Hlutabréf félaga	3%	0-25%	5,5%	60%	0,0%	0-15%	0%	0-15%
	b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	13%	0-30%	13,8%	60%	2,0%	0-30%	5%	0-20%
	c.	Fasteignir	0%	0-1%	0,0%	60%	0,0%	0-1%	-	-
F	a.	Aflleiður	0%	0-10%	0,0%	10%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
	b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki aflleiður	0%	0-10%	0,0%	10%	0,0%	0-5%	0%	0-10%
Samtals			100%		100,0%		9%		5%	
Eignir í erlendum gjaldmiðli			9%	0-40%	11,5%	51,5%				

* eða annarra vörsluaðila.

** vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingar í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignir í erlendum gjaldmiðli er tilgreint í samtölu í dálki III, vikmörk eru tilgreind í dálki IV.

Hámark skv. samþykktum: eignasamsetning skal rúmast innan takmarkana fyrir lífeyrissjóði sem veita lágmarks tryggingarvernd samkvæmt lögum nr. 129/1997.

Stefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands um ábyrgar fjárfestingar

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma lítið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna. Stefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands (LSBÍ) um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Varðandi stefnu sjóðsins í stjórnarháttum vísast til hluthafastefnu sjóðsins.

Gildissvið

Stefna LSBÍ um ábyrgar fjárfestingar nær til allra fjárfestinga sjóðsins, en áherslurnar eru fyrst og fremst á innlendar fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum þar sem hann fer með 2,5% eða hærra beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærra af heildareignum lífeyrissjóðsins.

Viðmið

Almennt horfir LSBÍ til lengri tíma í fjárfestingum sínum. Það er í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins sem fara saman við langtímasjónarmið um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti í félögum sem hann fjárfestir í. Stefna þessa hefur sjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingarákvarðanir, eftirfylgni þeirra og við mótun fjárfestingarstefnu sína.

Sjóðurinn gerir kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað sem starfsemin fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, betur þekkt sem UN Global Compact, í fjárfestingum sínum.

Aðferðir og framkvæmd

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa fylgir sjóðurinn stefnunni eftir með því að kanna stefnu félaga með tilliti til áður tiltekinna viðmiða.

Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en einstökum erlendum félögum. Við mat á rekstraraðila sjóða gerir sjóðurinn kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmats við fjárfestingarákvörðun, þannig þarf stefna rekstraraðila um stefnu í ábyrgum fjárfestingum ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati hennar.

Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvíst að fráviki á grundvelli áður tiltekinna viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur. Við slíka ákvörðun er þó ávallt gætt yftrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.

Samþykkt á stjórnarfundum LSBÍ 28. nóvember 2023

